

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2016 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**

|   |                 |
|---|-----------------|
| á veitusvæði HS veitna                      | 5,08 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 7,22 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli  | 5,22 kr./kWst., |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar         | 4,99 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli              | 7,42 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli               | 4,91 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur          | 5,79 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku                     | 4,56 kr./kWst.  |

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**

|                   |                              |
|-------------------|------------------------------|
| RARIK             | 3,90 kr./kWst.,              |
| Orkubú Vestfjarða | 3,68 kr./kWst.,              |
| HS veitur         | 134,40 kr./ m <sup>3</sup> . |

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2016 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. september 2016. Úr gildi fellur auglýsing nr. 268/2016.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. ágúst 2016.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Helga Barðadóttir.*